

Akureyri 17. maí 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis **frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 726. mál.**

Stjórn Eyþings telur frumvarpið vel unnið og styður það í öllum meginatriðum, þó áherslumunur kunni að vera um einstaka atriði. Stjórnin vill vekja athygli á nokkrum þáttum frumvarpsins.

1. Stjórnin styður ákvæði frumvarpsins um landshlutasamtök sveitarfélaga, sbr. 97. grein.
2. Samkvæmt 93. grein skal samstarf sveitarfélaga um tiltekin verkefni, s.s. embætti byggingafulltrúa eða félagsþjónustu, annað hvort vera í byggðasamlagi eða með framsali verkefnisins til eins sveitarfélags. Um þetta atriði eru nokkuð skiptar skoðanir og að sumra mati þörf á að rýmka þetta ákvæði.
3. Stjórnin lýsir ánægju með 32. grein sem lýtur að þóknun fyrir störf sveitarstjórnarmanna en greinin er talsvert breytt frá fyrri drögum.
4. Skiptar skoðanir eru um hvort heppilegt sé að hafa í lögnum heimild um að tvö eða fleiri sveitarfélög geti ráðið framkvæmdastjóra saman, sbr. 54. grein.
5. Með hliðsjón af þeim nýmælum sem felast í 64. grein telur stjórn Eyþings mikilvægt að drög að reglugerð um nánari útfærslu fjármálareglna liggja fyrir áður en frumvarpið verður að lögum. Jafnframt telur stjórnin mikilvægt að sett verði inn til bráðabirgða ákvæði um að löggin verði endurskoðuð innan fárra ára með tilliti til reynslunnar af framkvæmd fjármálareglna.
6. Í 117. grein er kveðið á um viðurlög við vanrækslu sveitarstjórnarmanna. Gæta þarf þess að starfsumhverfi sveitarstjórnarmanna verði ekki með þeim hætti að það fæli fólk frá setu í sveitarstjórnnum. Mörg ákvæði frumvarpsins miða að því að gera ábyrgð sveitarstjórna og einstakra sveitarstjórnarmanna skýrari en áður. Þau ákvæði eru til mikilla bóta. Sú spurning vaknar hins vegar hvort að auki er þörf á dagsektarákvæðum. Einnig hvort ekki eigi að gilda hliðstæð ákvæði hjá ríki og sveitarfélögum.
7. Að mati stjórnar Eyþings er sá kafli frumvarpsins sem lýtur að sameiningu sveitarfélaga rökréttur miðað við anda frumvarpsins og áherslu á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Skiptar skoðanir hafa þó komið fram um ákvæði 124. greinar um að heimilt sé að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma án þess að það hafi áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

8. Stjórn Eyþings vill að lokum lýsa yfir ánægju með **130.** grein frumvarpsins sem kveður á um mat á kostnaðaráhrifum lagafrumvarpa og stjórnvaldsaðgerða á sveitarfélögin.

f.h. stjórnar Eyþings



Pjetur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri